

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Þjórsárbraut 2, L237564, Stórholt, landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu.

Um er að ræða breytingu sem tekur til deiliskipulags búgarðabyggðar í landi Stórhólts, Smáholts og Litlahólts. Breytingin er gerð samhliða aðalskipulagsbreytingu þar sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði á syðri hluta landsins. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð, Þjórsárbraut 2A. Á lóðinni er heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús, þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4-5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30-40 gestahús til útleigu, sem eru 30-40 fm hvert, fyrir samtals um 60-80 gesti. Ennfremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu. Samþykkt í sveitarstjórn 17. desember 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. mars 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2025